

Haustfundur Félags eldri borgara í Hveragerði sunnudaginn 10.sept. kl. 15.00

- 1 Sigurlín formaður setti fundinn kl. 15.00 og lagði til að fundarstjóri yrði Sigrún Arndal, ritari Sigrún Anna og var það samþykkt.
- 2 Sigurlín kynnti dagskrá vetrarins fram undan. Hún sagði frá lista sem kæmi frá stjórn fljótlega þar sem fram kæmu nöfn kennarar og leiðbeinenda á námskeiðunum og símanúmer þeirra. Fram undan er fjölbreytt dagskrá og kynnti Sigurlín sérstaklega ný námskeið sem eru námskeið í tréútskurði þar sem leiðbeinandinn verður Benedikt Þórðarson. Það verður haldið á laugardögum í vetur en æfingatímar á föstudögum halda áfram Einnig sagði hún frá skemmtilegri nýjung, danstímum og verður starfandi hópur sem dansar á fimmtudags kvöldum í Þorlákssetri. Anna Berglind frá Þorlakhöfn sér um að kenna hópnum fyrstu fjóra tímuna. Það mun kosta en síðan verður frítt að dansa öll fimmtudagskvöld í vetur. Þá er á dagskrá nýtt námskeið í Heilsustofnun en það er Yoga í vatni, kennari verður Helga Björk Bjarnadóttir. Föstudagskvöldin í vetur verða skemmtileg og er verið að vinna í því að koma af stað ýmskonar uppákomum svo sem bjórkyrningu, vöflukaffi, sviðaveislu leikhúskerfi rogg tónleikaferðir svo eitthvað sé nefnt. Bingókvöld verður í vetur í umsjá Hverafugla. Sigurlín sagði að það vantaði hresst fólk til starfa til að hafa umsjón með þessari dagskrá. Áhugasamir hafi samband við Sigrúnu Arndal. Þá verða í vetur áfram starfandi hópar í Þorlákssetri sem er yfirleitt ókeypis starf eins og undanfarin misseri en greiða þarf fyrir ef aðkeyptir kennarar eða leiðbeinendur stjórna námskeiðunum.

Því næst kynnti Sigurlín nýjan starfsmann á skrifstofuna Ástu Gunnlaugsdóttur. Fyrstu mánuðina í vetur verður Ásta starfandi á skrifstofunni í Þorlákssetri frá mánudegi til fimmtudags frá kl. 13-15. Ásta verður til aðstoðar við stjórn við ýmis verkefni eins og að aðstoða félagsmenn við skráningar, halda félagatalinu í réttu horfi, svara tölvupósti og síma og annað sem upp gæti komið. Hún mun ekki vaska upp. og ganga frá eftir hópastarfið.

Sigurlín þakkaði hópstjórum og öðrum sem komið hafa að starfinu fyrir þeirra framlag.

Ekki er alveg víst að skráningar námskeiðin hefjist eins og áður var auglýst þann 13. september sökum ófyrirsjáanlegra ástæðna en skráning gæti hafist nokkrum dögum síðar.

3. Fyrirspurnir :1. Bára Kjartansdóttir spurði hvort ekki væri hægt að setja af stað Bridge hóp fyrir nýliða og annan fyrir lengra komna. Svar: kom frá Hirti félaga úr sal og sagði hann að margbúið væri að segja nýliðum að mæta á mánudögum og fimmtudögum. Kl. 13 í Þorlákssetri og að allir væru velkomnir. 2. Áslaug: spurði um opnunartíma á skrifstofunni og var tilkynnt að skrifstofan verður opin 2 tímar á dag frá kl. 12-15 mánudaga-fimmtudaga þegar skráning hefst eða frá 13. september.
4. Rannveig Reynisdóttir frá Hveragerðisbæ kynnti Sportabler skráningarkerfið sem félagið er að setja af stað til að létta á stjórn við skráningar og innheimtu námskeiðsgjalda. Kerfið er fyrir skráningu á námskeiðum og ýmsum uppákomum hjá félaginu. Rannveig sýndi hvernig á að skrá sig inn í Sportabler og fylla út í reiti til að skrá sig á námskeiðin sem fram undan eru.
5. Fyrirspurnir :1. Hlíf spurði: Þurfum við að skrá okkur á Sportabler þó við séum félagar í FEB Rannveig svaraði: Námskeiðin verða eingöngu fyrir félagar í FEB og þeir sem nú þegar eru skráðir í félagið hafi aðgang að skráningu án þess að skrá sig í félagið á Hvera.net síðunni en þeir sem eru nýir í félaginu þurf að skrá sig í félagið á síðunni og síðan í Sportabler á námskeiðin. Á næsta

aðalfundi tekur svo við glæný skráning og greiðsla félagsgjalda í gegnum Sportabler 3.Viðar Aðalsteinsson spurði: Hvort það þurfi að fara inn á báðar síðurnar? og svarið var :Ef þú ferð inn á öðrum stöðum þá þarftu að leita af Félaginu svo best er að fara inn á FEB síðuna á Hvera.net. 4.Spurning kom úr sal frá félagsmanni? Eru námskeiðin komin inn? Svarið var Nei ekki enn en eru á leiðinni. Vonandi sem fyrst. Hjörtur Bridge spilari ítrekaði að alir væru velkomnir í spilatíma í Bridge sem byrjar á morgun og verð líka á fimmtudögum í vetur.

- 6 Sigurlin Þakkaði Rannveigu fyrir aðstoðina við innleiðingu Sportabler. Valgerðu það félagsmenn um að skilja bolla og diska eftir á borðunum við lok fundar þar sem það auðveldar fráganginn Örn Skram það fólk um að mæta í fyrsta tíma og skrá sig í danshópin á staðnum og vonaði að sem flestir myndu mæta.
- 7 Daði sagði frá Spara appinu. Appið er notað til að eldri borgarar geti nýtt sér afslátt hjá Landsambandi eldri borgara. Hægt er að koma með ábendingar um fyrirtæki til stjórnar ef menn vita um einhver fyrirtæki sem þeir vilja sjá afslátt hjá. Um leið og þú gerist félagi í FEB þá ertu gjaldgengur í Landsamband eldri borgara. Daði sýndi hvernig hægt er að ná í Spara appið bæði með Apple og Google play Hann útskýrði hvernig á að skrá sig inn með rafrænum skilríkum, Smella á LEB merkið í appinu og þar undir er rafrænt skírteini. Plastskírteinin eru ekki lengur í umferð. Daði setti á Heimasíðu FEB á hvera.net.reit, þar sem finna má linkinn: Að gerast félagi og þar er hægt að skráð sig á sportabler. Hugsanlega verður settur inn flipi á Námskeið og annar hnappur á síðuna beint á Sportabler. Daði er búinn að skrá alla Félagsmenn í Spara appið og bauð félagsmönnum að hafa samband við sig eða stjórnarmenn ef einhver vandræði kæmu upp. Hann tilkynnti einnig að ef menn sjái ekki LEB merkið á Spara appinu þá væru þeir ekki innskráðir úr FEB í Hveragerði
- 8 Fyrirspurnir 1.Arnfríður spurði: Ef menn eru ekki með síma eða tölvu hvernig á maður að nota skírteini. Daði svaraði þeir aðilar fá skírteini send áfram. Einnig var sagt að þeir sem ekki geta borgað með korti í gegnum síma eða tölvu gætu fengið aðstoð á skrifstofu með forskráningu. Þá kom fram að félagar sem eru skráðir hjá félögum í Reykjavík eru skráðir nú þegar í Spara appið.2.Þá var spurt um Bíó á Selfossi hvort það væri með afslátt. Svar kom frá félagi í sal að það væri afsláttur á erlendum bíómyndum

Boðið var upp á kaffi og brauðtertur. Milli 90 og 100 manns mættu.

Fundi slitið 16.03

Næsti fundur ekki ákveðinn.